

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag frístundabyggðarinnar Rofabæjar í landi Nesja.*
Í deiliskipulaginu felst að markaðar eru fjórar frístundalóðir þar sem heimilt er að reisa frístundahús á bilinu 50-300 m² auk allt að 40 m² aukahúss. Nýtingarhlutfall má ekki vera meira en 0,03. Hámarksmanishæð er 6 m frá jörðu og þakhalli má vera á bilinu 0-45 gráður. Samþykkt í sveitarstjórn 3. desember 2009.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Búrfells II.*
Í breytingunni felst að heimilt verður að reisa hús með þakhalla 0-45 gráður í stað 14-45 gráður. Samþykkt í sveitarstjórn 7. júlí 2010.
3. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Ormsstaða, Vaðholt.*
Í breytingunni felst að á horni Sólheimavegar og Vatnsvegar er gert ráð fyrir nýrri 26.200 m² lóð, Vaðholt nr. 2a. Samþykkt í sveitarstjórn 7. júlí 2010.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 28. september 2010.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 12. október 2010